

Fundurstjórnar FEBSEL haldinn 03.04.2025

Mættir: Kristbjörg, Sigríður Aðalbjörg, Stefán og Sigurður.

Dagskrá:

1. Stefna bæjarins í málefnum eldri borgara.

Stefna í málefnum eldri borgara á Seltjarnarnesi var kynnt á síðasta Öldrunarráðsfundi. Hildigunnur Gunnarsdóttirog Guðrún Björg Karlsdóttirtóku að sér að vinna drög að stefnunni og kynntu þau á fundinum. Stjórn FebSel þarf að fara yfir drögin fyrir samstarfsnefndarfund sem verður í lok apríl. Bærinn þarf síðan að samþykkja stefnuna.

Búið að boða stjórnina á fund til að vinna stefnuna áfram. Viðbrögð félagsins þurfa að berast fyrir 23. apríl n.k. þar sem þá verður fundur með nýskipuðu teymi á vegum bæjarins í kringum eldri borgarbúa á Seltjarnarnesi.

2. Staða erindis félagsins við bæjarstjórn varðandi Öldrunarráð.

Á fundi Öldungaráðs 31. mars 2025 var gerð eftirfarandi bókun frá fulltrúum FebSel varðandi starfsemi Öldungaráðs.

Bókun frá fulltrúum FEBSEL:

Stjórn eldri borgara á Seltjarnarnesi fer fram á við Öldungaráð og bæjarstjórn Seltjarnarnesbæjar að skipulag verði sett á starfsemi Öldungarráðsins.

Fundir verði fjórum sinnum á ári hið minnsta.

Upplýsingafundur um stöðu mála eldri borgara verði árlega.

Upplýsingar gefnar árlega um fjárútlát bæjarins vegna eldri borgara samanburðarhæfar milli ára.

Fundargerðir sýni það sem fram fer á fundum Öldungaráðs, niðurstöður fengnar og málum fylgt eftir svo auðvelt sé að fyrir nefndarmenn að sjá málalýktir.

Virðingafyllst,

f.h. stjórnar Félags eldri borgara Kristbjörg Ólafsdóttir, Sigríður Ólafsdóttir og Aðalbjörg J. Finnbogadóttir.

3. Stofnun teymis til eftirfylgni og upplýsingar um málefni aldraðra á Seltjarnarnesi.

Teymi hefur verið skipað um málefni eldri bæjarbúa á Seltjarnarnesi.

4. Önnur mál.

Rætt um stöðu félagsheimilis bæjarnins og hvernig mætti nota það fyrir starfsemi eldri borgara á Seltjarnarnesi. Upplýsingar um stöðu félagsheimilins kom fram á fundi bæjarstjórnar 27. mars sl. sem sjá má á netinu. Sjá **Staða félagsheimilis – svar við fyrirspurn frá 1001. fundi þann 12. mars 2025**

Fundi slitið kl. 18:00

Aðalbjörg J. Finnbogadóttir